

Fundargerðir skólanefndar MA 2024-2025

Fastir fundir skólanefndar eru þriðja fimmtudag í mánuði frá kl. 15.30-16.30

Í nefndinni sitja:

Kristrún Lind Birgisdóttir (skipuð af ráðherra, formaður)

Ásta A. Pétursdóttir (skipuð af SSNE)

Óli Þór Jónsson (skipaður af ráðherra)

Elías Gunnar Þorbjörnsson (skipaður af SSNE)

Erla Björg Guðmundsdóttir Valgerðardóttir (fulltrúi foreldra)

Erla Rán Kjartansdóttir (skipuð af ráðherra)

Bjartmar Svanlaugsson (formaður Hugins, fulltrúi nemenda)

Karl Frímannsson (skólameistari, áheyrnarfulltrúi)

Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir (aðstoðarskólameistari, áheyrnarfulltrúi)

Kristinn Berg Gunnarsson (fulltrúi kennara)

263. fundur 12. september 2024

Mætt:	Ásta Pétursdóttir Bjartmar Svanlaugsson Elías Gunnar Þorbjörnsson Erla Rán Kjartansdóttir Karl Frímannsson Kristinn Berg Gunnarsson Krístrún Lind Birgisdóttir Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir		
Fund boðaði:	Krístrún	Fundarritun:	Sigurlaug Anna
Forföll:	Erla Björg Guðmundsdóttir Valgerðardóttir Óli Þór Jónsson		
Staður:	Teams		
Tími:	15.30-16.30	Dags.:	12.9.2024
Nr.	Atriði	Ábyrgð	
1	Stjórn skiptir með sér verkum. Krístrún verður áfram formaður. Sigurlaug Anna ritar fundargerðir.		
2	Starfsáætlun skólameistarar Skólameistari hefur uppfært starfsáætlun og henni hefur verið deilt með fundarfólki á Teams.		
3	Skólabyrjun, nemendatölur, starfsfólk ofl. Skólameistari deildi minnisskjali með fundarfólki (er á Teams). Nemendafjöldi í 1. bekk, þróun frá 2014, fer heldur fækkandi Fjöldi brautskráðra, örlítil fækkun Kynjaskipting; stúlkur um 2/3 nemenda og drengir 1/3		

	<p>Þróun heildarnemendafjölda frá 2021; stór árgangur brautskráist næsta vor og fækkar því í skólanum ef sami fjöldi verður tekinn inn næsta vor og í ár.</p> <p>Gögn frá því í fyrra yfir búsetu nemenda: Koma frá 31 sveitarfélagi, 67 póstnúmer en 2/3 nemenda eru frá Akureyri, 12% frá Eyjafirði. 85% nemenda eru frá Djúpavogi að Siglufirði.</p> <p>Nemendur MA frá Akureyri eru tæplega helmingur af nemendum á Akureyri.</p> <p>Skólameistari fór einnig yfir framkvæmdir í skólanum, sumarið er aðalframkvæmdatíminn. Höfum fengið jákvæð viðbrögð frá Fasteignum ríkisins.</p> <p>Síðustu þrjú sumur hefur verið endurnýjun á kennslustofum og skrifstofum í gamla skóla og vilyrði fyrir áframhaldi. Viðgerð stendur yfir á þaki á Fjósínu. Viðgerð á þaki á Hólum var boðin út en engin tilboð bárust. Vonandi verður þó fyrri áfangi unninn næsta ár.</p> <p>Kaffistofa á Möðruvöllum hefur verið stækkuð og ein kennslustofa endurnýjuð. Unnið hefur verið að bættri hljóðvist, nýir skjáir settir upp o.fl.</p> <p>G1 var breytt í „svartan kassa“ fyrir sviðslistabraut en eftir er að útvega LMA aðstöðu í staðinn á Möðruvöllum. Þarf að fá samþykki Fasteigna fyrir henni.</p> <p>Búum við ágætan kost en þarf sífellt að endurnýja.</p> <p>Kristrún spurði um aðsókn að sviðslistabraut og fagnaði því að hún var nægjanleg.</p>	
<p>4</p>	<p>Fundargerðir kennarafundar</p> <p>Samþykkt að fundarfólk lesi fundargerðir og spyrji ef þarf en þurfi að öðru leyti ekki að fjalla um þær sérstaklega.</p> <p>Spurt var um umræðu frá kennarafundi um mögulegt áfangakerfi, hvort stefnan sé að leggja bekkjakerfið niður. Skólameistari svaraði því til að þetta væri eitt af því sem væri til skoðunar, t.d. hvernig hægt væri að auka sveigjanleika og samstarf við aðra skóla.</p> <p>Aðeins rætt um áfangakerfi og bekkjakerfi og kosti og galla. Kristinn fulltrúi kennara sagði að skoðanir kennara væru skiptar en fólk sæi kosti og galla. Bjartmar fulltrúi nemenda taldi að mjög margir veldu MA vegna bekkjakerfisins, telur aðdráttarafl MA ekki muni aukast með áfangakerfi.</p>	

5	<p>Rekstrarstaða</p> <p>Skólameistari fór yfir stöðuna, tæpum 17 milljónum betri en áætlun gerði ráð fyrir. 73 milljónir í mínus í stað 90 milljóna.</p> <p>Hagræðingaraðgerðir hafa skilað sér að einhverju marki. Gert ráð fyrir að taka fjárhagsætlunina og fjárlögin til gagn Gerrar skoðunar á fundinum í nóvember.</p>	
6	<p>Skipan í stjórn Lunda</p> <p>Formaður stjórnar Lunda, Kristín Sigfúsdóttir, hefur lýst því yfir að hún vilji láta af störfum. Þar sem langt er um liðið frá því að skipað var í stjórnina leggur skólanefnd MA til að tilnefnt verði á ný í alla stjórnina skv. gildandi skipulagsskrá. MA og VMA skulu tilnefna hvor um sig tvo aðalfulltrúa og einn til vara og Heimavistarráð einn aðalfulltrúa og einn til vara.</p> <p>Skólameistara MA f.h. skólanefndar er falið að senda erindi þess efnis til skólameistara VMA, Hagsmunaráðs Heimavistar MA og VMA og núverandi stjórnar Lunda. Samkvæmt skipulagsskrá Lunda tilnefnir skólanefnd MA stjórnina.</p>	
7	<p>Önnur mál</p> <p>Engin önnur mál og fundi slitið 16:11</p>	

